

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar 2018.

Ályktun

Örorkulífeyrir / Hækkun grunnbóta og aldurstengd uppbót.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018, ályktar að:

Ekki seinna en um ármótin 2018 - 2019 verði grunnörorkulífeyrir hækkaður verulega. Samhliða því verði afnumið ákvæði um sérstaka framfærsluuppbót og aldurstengd uppbót komi ofan á grunnlífeyri.

Greinargerð.

Mánaðarlegar greiðslur frá Tryggingastofnun til þeirra öryrkja sem ekki hafa neinar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga eru nú 240.000 krónur og ráðstöfunartekjur 205.000 krónur. Þeir sem búa einir, sem eru u.þ.b. 30% öryrkja, fá til viðbótar svokallaða heimilisuppbót. Greiðslur til þeirra eru þá 300.000 krónur og ráðstöfunartekjur 243.000 krónur. Með tilkomu framfærsluuppbótar sem tryggði öllum lágmarksgreiðslu hvarf í raun og veru að mestu leyti sá sérstaki stuðningur sem aldurstengda uppbótin átti að veita þeim sem urðu öryrkjar ungir og áttu þar af leiðandi lítinn sem engan rétt hjá lífeyrissjóðum auk þess sem eignastaða þeirra var yfirleitt allt önnur og verri en almennt gerist um fólk á sama aldri. Skerðingarhlutfall framfærsluuppbótar er 100% og frítekjumark er ekkert þannig að vegna hvernar krónu sem viðkomandi aflar skerðist sama fjárhæð, það er með svokallaðri krónu á móti krónu skerðingu.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar 2018.

Ályktun

Lögfesting samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018, skorar á Alþingi að samþykkja þingályktunartillögu sem lögð hefur verið fram um að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði tekinn í íslensk lög.

Greinargerð.

Með því að lögfesta samninginn verður mannréttindum fatlaðs fólks veitt aukin vernd og réttaröryggið eykst. Fatlaður einstaklingur getur þá borið ákvæði samningsins fyrir sig sem ótvíræða réttarreglu fyrir dómi en nýlegar niðurstöður dómsmála sýna svo ekki verður um villst að nauðsynlegt er að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks betur í lögum. Lögfesting samningsins mun vekja jafnt almenning og þá sem fjalla um málefni fatlaðs fólks fyrir dómstólum, í stjórnslu og við undirbúning að lagasetningu, til frekari vitundar um mannréttindi fatlaðs fólks og þá virðingu sem verður að ætlast til að þeim sé sýnd í réttarríki. Lögfesting samningsins mun einnig auka á alþjóðavettvangi traust á virðingu íslenska ríkisins fyrir mannréttindum fatlaðs fólks.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar 2018.

Ályktun

Atvinna og menntun fólks með þroskahömlun / einhverfugreiningar eftir að framhaldsskóla lýkur.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018, skorar á ráðherra menntamála og félags- og jafnréttismála að grípa tafarlaust til markvissra aðgerða til að tryggja ungmennum með þroskahömlun / einhverfugreiningar sem lokið hafa framhaldsskóla tækifæri til náms og/eða atvinnu, eins og önnur ungmenni hafa.

Greinargerð.

Ýmsar upplýsingar hafa að undanfögnu komið fram í fjölmiðlum sem varpa skýru ljósi á þá miklu mismunun og skort á tækifærum sem ungmenni þurfa að þola vegna fötlunar sinnar. Ráðherrar menntamála og félagsmála hafa viðurkennt vandann og segjast hafa ríkan vilja til að grípa strax til markvissra aðgerða til að bæta úr en lítil verk hafa enn fylgt þeim orðum. Landssamtökin Proskahjálpar hafa ítrekað bent ráðherrunum á nokkur atriði sem hægt er að gera nú þegar til að breyta þessum aðstæðum. Fjölmennt veitir þessum hópi tækifæri til margvíslegrar menntunar. Fjárveitingar til Fjölmenntar hafa þó farið hratt minnkandi að raunvirði mörg undanfarin ár og er nú svo komið að þar er mun minna í boði en var fyrir nokkrum árum. Úr þessu er hægt að bæta nú þegar.

Hægt er að ganga skjótt til samninga við myndlistarskólann í Reykjavík um að endurvekja diplómanám í myndlist. Kanna má möguleika menntavísindasviðs HÍ á að innrita árlega nema í starfstengt diplómanám í stað annars hvers árs eins og nú er.

Samhliða öllu þessu þarf að grípa til skjótra og markvissra aðgerða til að framboð á námi í framhaldsskólum verði fjölbreyttara en nú er og að boðið verði upp á nám fyrir fólk með þroskahömlun í fleiri háskólum en HÍ. Stórefla verður vinnumiðlun fyrir fatlað fólk. Setja þarf samstarf vinnumiðlunar og skólakerfis í fastari skorður, m.a. með því að innleiða yfirfærsluáætlanir fyrir þá einstaklinga sem í hlut eiga frá framhaldsskóla og í atvinnu og / eða áframhaldandi nám.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar 2018.

Ályktun

Húsnæðismál.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018, krefst þess að ríki og sveitarfélög standi við lagalegar skuldbindingar til að sjá fólki með þroskahömlun fyrir viðeigandi húsnæði án tafar og að nú þegar verði gerðar áætlanir um úrbætur.

Greinargerð.

Í nýrri íbúðarmarkaðsskýrslu Greiningar Íslandsbanka kemur fram að meðalbiðtími eftir félagslegri íbúð er um 13 mánuðir á landinu öllu. Lengstur er biðtíminn í Hafnarfirði (48 mánuðir) og í Reykjavík (36 mánuðir). Margt fólk með þroskahömlun hefur beðið eftir íbúð sem það á lagalegan rétt á miklu lengur en þetta. Þess eru dæmi að fólk með þroskahömlun hafi þurft að bíða yfir áratug og jafnvel lengur eftir að eignast eigið heimili. Með því að standa þannig mjög seint og illa við lagalegar skyldur sínar til að gefa fólki með þroskahömlun kost á að eignast heimili er vegið að margvíslegum veigamiklum mannréttindum, s.s. réttinum til sjálfstæðs og eðlilegs lífs og réttinum til að eiga einkalíf og fjölskyldulíf. Þetta er ólíðandi ástand sem ábyrg stjórnvöld sveitarfélaga og ríkis verða að setja í forgang nú þegar og laga með markvissum og skjótvirkum aðgerðum. Þá verða stjórnvöld að uppfylla lagalegar skyldur sínar til að upplýsa þá sem í hlut eiga um hvenær þeir fái viðeigandi húsnæði sem þeir eiga rétt til, eins og úrskurðarnefnd velferðarmála hefur lagt mikla áherslu á.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar 2018.

Ályktun

Endurskoðun laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018, skorar á jafnréttis- og félagsmálaráðherra að láta eins skjótt og verða má og í nánu samráði við fatlað fólk og samtök sem vinna að réttindamálum þess, fara fram vandaða endurskoðun á lögum nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

Greinargerð.

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að tryggja að öll þau réttindi sem samningurinn mælir fyrir um væru tryggð í íslenskum lögum og að öll stjórnvöld, þjónusta og eftirlit væri í fullu samræmi við kröfur samningsins. Ákvæði laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og sú framkvæmd og það eftirlit sem þar er mælt fyrir um er gríðarlega mikilvægur þáttur í að standa við þær skyldur. Í ljósi þess að nú eru liðin sjö ár frá því að lögin voru sett og því komin nægileg reynsla á þau og framkvæmd þeirra er mjög tímabært að þau verði endurskoðuð og bætt úr því sem þarf til að tryggja betur réttindi fatlaðs fólks. Við endurskoðunina er nauðsynlegt að sérstaklega verði litið til ákvæða samnings SP um réttindi fatlaðs fólks og að stjórnvöld hafi mikið samráð við fatlað fólk og samtök sem vinna að réttindamálum þess, eins og þeim er skylt samkvæmt samningnum.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar 2018.

Ályktun

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) og tækifæri til sjálfstæðs lífs. Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018, fagnar því að notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) hafi verið lögfest með nýjum lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Fundurinn skorar á ríki og sveitarfélög að tryggja nægilegt fjármagn til þessarar mikilvægu aðstoðar og sjá til þess að togstreita þeirra á milli bitni alls ekki á notendum aðstoðarinnar.

Greinargerð.

Þó að notendastýrð persónuleg aðstoð hafi verið lögfest er ljóst að þrátt fyrir tilraunaverkefni frá 2011 og viðvarandi undirbúningsvinnu allan þennan tíma liggur enn ekki skýrt fyrir með hvaða hætti réttindi þeirra sem þurfa aðstoð við verkstjórn verða tryggð.

Nauðsynlegt er að NPA standi öllu fötluðu fólki, börnum og fullorðnum, til boða óháð því hvers eðlis fötlun þess er og að þeir sem þurfa sérstakan stuðning við að fara með verkstjórn, s.s. fólk með þroskahömlun, fái þann stuðning og tryggt verði að kostnaði sem því fylgir verði mætt.

Jafnframt minnir fulltrúafundurinn stjórnvöld á skyldur þeirra til að auka möguleika fólks sem býr í búsetukjörnum og hefur ekki í hyggju að sækja um NPA til að fá meira vald yfir lífi sínu. Nauðsynlegt er að tryggja meira fjármagn til að fólk sem þarf nú að deila með sér aðstoðarfólki fái einstaklingsbundna þjónustu. Með því móti fær fólk sem býr í búsetukjörnum m.a. tækifæri til að ráða sjálfst hvornig það ver frítíma sínum og með hverjum. Nú er algengt að fólk sem býr við þær aðstæður þurfi að laga sig að óskum og þörfum annarra íbúa sem það á ekkert sameiginlegt með nema að búa á sama stað og þurfa að deila þjónustu með þeim.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar 2018.

Ályktun

Frumvarp til laga um þungunarrof

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar, haldinn 27. október 2018, fagnar því að í frumvarpi að lögum um þungunarrof er lögð áhersla á að afnema ákvæði núgildandi laga um fóstureyðingar sem mismuna á grundvelli fötlunar.

Greinargerð.

Þó að afnám mismununar á grundvelli fötlunar sé mjög mikilvægt og því mikið fagnaðarefni að með frumvarpinu sé mælt fyrir um það lýsir fulltrúafundurinn verulegum áhyggjum af því að í umsögnum þröngs hóps sérfræðinga um frumvarpið kemur fram að mikilvægt og eðlilegt sé að mögulegt verði að eyða fósturum sem greinast með fötlun við 20 vikna ómskoðun. Sú afstaða bendir til fordóma gagnvart fötluðu fólki sem eru til þess fallnir að stuðla að mismunun í framkvæmd.

Í ljósi þessa telur fulltrúafundurinn fullt tilefni til að minna heilbrigðisyfirvöld og stjórnendur í heilbrigðisþjónustu á skyldur þeirra samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks til að vinna gegn fordómum og mismunun gagnvart fötluðu fólki og að vitundarvakningu meðal heilbrigðisstarfsfólks um mikilvægi margbreytileikans fyrir samfélagið og réttindi, hæfileika og framlag fatlaðs fólks.

Fulltrúafundurinn skorar jafnframt á Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra og stjórnendur og starfsfólk í heilbrigðisþjónustu að gæta sérstaklega að eftirfarandi við meðferð frumvarpsins og umræðu um það:

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem Ísland hefur fullgilt, bannar mismunun á grundvelli fötlunar. Þennan mannréttindasáttmála er nú verið að innleiða í íslenska löggjöf, stefnumótun, störf og stjórnsýslu. Eitt grundvallaratriði samningsins er að líta beri á fötlun sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni, ekki sem galla, frávik eða persónulegan harmleik sem koma skuli í veg fyrir.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar 2018.

Ályktun

Laun á vinnu- og verkþjálfunarstöðum.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Proskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018 leggur til að nú þegar verði launakjör þeirra sem starfa á vinnu og verkþjálfunarstöðum endurskoðuð.

Laun á slíkum stöðum eru í engu samræmi við laun á almennum vinnumarkaði. Samningar á mörgum þessara staða eru 12 ára gamlir og kominn tími til að endurskoða þá.

Greinargerð.

Árið 2006 var gert samkomulag á milli Hlutverks vinnu og verkþjálfunar og ASÍ. Í samkomulagi þessu var ákveðið að greidd laun til fatlaðra starfsmanna byggðist á mati á vinnuframlagi þeirra og gæti verið 30-90% af launatöxtum verkalýðsfélaga. Ekki hefur verið gert nýtt heildarsamkomulag síðan árið 2006. Ekkert samræmt matstæki hefur verið gert til að meta vinnugetu. Þegar vinnuframlag fólks er metið verður það að gerast af óháðum fagaðila, sem ekki tengist þeim sem greiða á launin.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar 2018.

Ályktun

Fordómar á vinnustöðum.

Fulltrúafundur Landssamtakanna Þroskahjálpar, haldinn á Egilsstöðum 27. október 2018 leggur til að stuðningur við fatlað fólk á almennum vinnumarkaði verði stórefldur til að vinna gegn fordómum og skilningsleysi sem fatlað fólk verður fyrir m.a. frá samstarfsfólki sínu. Stuðningur við fatlað fólk á vinnumarkaði þarf að ná yfir lengri tíma, vera stöðugur og mæta raunverulegum þörfum. Ekki nægir að styðja aðeins við fólk þegar það er að hefja störf.

Greinargerð.

Dæmi eru um að fólk hafi hætt í vinnu vegna eineltis á vinnustað. Til að vinna gegn fordómum og einelti væri hægt að bjóða upp á námskeið fyrir þá sem ætla að ráða fatlað fólk í vinnu og þá sem með því munu starfa.